



23. stjórnarfundur LH 25. maí 2020 kl. 20:00 - fjarfundur

Á símafundi: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eggert Hjartarson, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Þórdís Arnardóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Samþykkt fundargerða 19., 20., 21., og 22. funda.

2. Reglugerð um innanhússmót í íþróttakeppni

Innanhússmót teljast ekki til löglegra móta þar sem völlurinn er ekki löglegur að stærð. Árangur knapa á innanhússmótum hefur því ekki verið tekinn gildur t.d. þegar kemur að tilnefningum um knapa ársins. Þekkt er í öðrum íþróttagreinum að mismunandi reglur gilda eftir því hvort keppt er innanhúss eða utanhúss.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir umsögn stjórna mótaraða á meistaraflokksstigi, og fleiri, um hver stærð vallar þyrfti að vera að lágmarki til að geta talist löglegt innanhússmót.

3. Gæðingakeppni erlendis – erindi frá GDLH

Undanfarin ár hafa verið haldin gæðingamót víðs vegar um Þýskaland þar sem ekki hefur verið í öllu farið eftir lögum LH um gæðingakeppni, dómara sem dæma á þessum mótum hafa í sumum tilfellum ekki menntun eða réttindi til að dæma gæðingakeppni.

Afgreiðsla: Samþykkt að LH sendi bréf til þýska sambandsins, lýsi yfir vonbrigðum með að ekki skuli farið eftir lögum LH, og bendi þeim á að ef haldin eru mót þar sem heitið gæðingakeppni er notað verði að fara eftir lögum LH um gæðingakeppni.

4. Sérstök forkeppni í gæðingakeppni í Sportfeng – erindi frá GDLH

GDLH óskar eftir að fundin verði lausn hjá tölvunefnd LH varðandi mót þar sem einungis er riðin sérstök forkeppni og úrslit í gæðingakeppni í Sportfeng, þ.e. að hægt sé að sleppa milliriðlum í forritinu og raða beint í úrslit.

Afgreiðsla: Stefnan hefur verið að allar greinar sem fari inn í Sportfeng séu löglegar greinar. Lagt er til að GDLH beri fram tillögu á landsþingi um slíka útgáfu af gæðingakeppni, hún fái sér nafn og verði lögleg keppnisgrein.

5. Heimslisti í gæðingakeppni – erindi frá GDLH

GDLH leggur til að undir eftirliti LH verði haldinn heimslisti yfir knapa og hross sem taka þátt í gæðingakeppni, eftir ákveðinni forskrift. Keppnisnefnd hefur fjallað um málið og er hlynnt tillögunni, með þeim breytingum að fyrstu tvö árin verði WorldRanking mót með tveimur landsdómurum en frá og með 2023 verði þrjú landsdómara á WorldRanking mótum.

Afgreiðsla: Samþykkt.



6. Staðan á Skógarhólum

Undirbúningur fyrir sumarið er í fullum gangi og er von á fyrstu gestum um hvítasunnuhelgina. Nokkrir sjálfboðaliðar, „Vinir Skógarhóla“ hafa unnið mikið verk í girðingavinnu og við endurbætur á húsinu. Bókunarstaða í júní er góð en minna er um bókanir í júlí enn sem komið er.

Afgreiðsla: Stjórn lýsir yfir ánægju með framgang mála á Skógarhólum en setja þarf kraft í að auglýsa lausar helgar og benda á tilboðsverð á gistingunni til félaga í hestamannafélögum.

7. LH Kappi – Ný uppfærsla / hefja sölu á appinu

Ný uppfærsla af LH Kappa fór í loftið í síðustu viku, appið virkar nú með öllum gerðum síma. Kostnaður við yfirfærslu á milli þjónustuaðila og við uppfærsluna var rúmlega 1.000.000 kr. Til að standa undir kostnaði er óhjákvæmilegt að selja aðgang að appinu.

Afgreiðsla: Óskað er eftir álitni tölvunefndar á hvernig skuli staðið að því að fjármagna þjónustu við appið.

8. Ársreikningur LM 2019

Ársreikningur LM 2019 var samþykktur í stjórn Landsmóts ehf. 25. maí.

Afgreiðsla: Til kynningar.

9. Reikningar LH jan-apríl og áætlun 2020

Farið var yfir rekstur LH fyrstu fjóra mánuði ársins og skoðaður kostnaður við hvert verkefni sem LH er að vinna að á árinu 2020. Félagsgjöld hestamannafélaga verða innheimt í júní þar sem félögin hafa frest til 1. júní að skila starfsskýrslu í Felix en þar er fjöldi félagsmanna staðfestur. Starfsmenn skrifstofu hafa verið í skertu starfshlutfalli frá 1. apríl.

Afgreiðsla: Málið rætt og samþykkt að semja um áframhaldandi skert starfshlutfall við starfsmenn skrifstofu í júní, júlí og ágúst.

10. Önnur mál

- a. Sumarfundur stjórnar verður haldinn á Skógarhólum 16. júní. Farið verður í reiðtúr um þjóðgarðinn að fundi loknum.

b. Landsmót 2026

Stjórn LM ehf. ásamt stjórn LH munu hitta fulltrúa umsækjenda um Landsmót 2026 í tengslum við eftirtalda viðburði á þeirra mótssvæði:

Skagfirðingur, kynbótasýning á Hólum 19. júní

Rangárbakkar, landssýning kynbótahrossa 27. júní

Fákur, Reykjavíkurstameistaramót 5. júlí

c. Öryggismál

Mikil umferð hefur verið í vor á útivistarsvæðum í nágrenni hesthúsahverfa. Þörf er á að koma á samráðsvettvangi ólíkra útivistarhópa til að auka skilning á þörfum hvers annars.

Eggerti falið að vinna málið áfram með skrifstofunni.



d. Hjálmanotkun landsliðsþjálfara og landsliðsknapa

Nokkur brotalöm hefur verið á að landsliðsþjálfari og ákveðnir landsliðsknapar hafi sýnt það fordæmi sem af þeim er ætlast að gæta alltaf að því að vera með hjálm þar sem til þeirra sést á æfingasvæðum og á samfélagsmiðlum.

Stjórn lýsir yfir óánægju með að starfsmenn og knapar innan raða LH skuli ekki nota hjálma öllum stundum og beinir þeim tilmælum til landsliðsnefndar að taka þessi mál fyrir. Skoða þarf hvort breyta þurfi samningum og afreksstefnu þar sem skýlaus krafa verður gerð um hjálmanotkun landsliðsmanna og landsliðsþjálfara.

Fundi slitið um kl. 22.00